

## REGLUGERÐ

**um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við meðferð húðsjúkdóma,  
veittu af öðrum en læknum.**

1. gr.  
*Gildissvið.*

Í reglugerð þessari er kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir meðferð húðsjúkdóma, sem veitt er samkvæmt samningi sem Sjúkratryggingar Íslands hafa gert um veitingu heilbrigðisþjónustu skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar og veitt er af öðrum heilbrigðisstarfsmönnum en læknum.

Þjónustuveitendum, sbr. 1. mgr., er óheimilt að innheimta hærri gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í reglugerð þessari.

Reglugerðin tekur til nauðsynlegrar meðferðar vegna húðsjúkdóma sem felst í B-geislum, B- og A-geislum, PUVA-meðferð eða húðmeðferð í Bláa lóninu og veitt er af öðrum en læknum, samkvæmt fyrirmælum læknis.

2. gr.  
*Sjúkratryggðir.*

Sjúkratryggður er sá sem búsettur er á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar, nema annað leiði af milliríkjjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn. Að öðru leyti gilda um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi ákvæði 10.-16. gr. laga um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur teljist sjúkratryggður.

3. gr.  
*Meðferð.*

Meðferð húðsjúkdóma skal fara fram á starfsstöð rekstraraðila sem hlotið hefur staðfestingu landlæknis skv. 6. gr. laga nr. 41/2007 um landlæknii og lýðheilsu og starfar samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. IV. kafla laga um sjúkratryggingar. Meðferð má einungis veita samkvæmt tilvisun læknis.

Meðferð skal veitt samkvæmt fyrirmælum læknis, sérfræðings í húðsjúkdómum þar sem því verður við komið. Að meðferðinni skulu starfa hjúkrunarfræðingar eða aðrir heilbrigðisstarfsmenn sem hafa nágilega kunnáttu til starfans.

4. gr.  
*Greiðslupátttaka sjúkratryggðs.*

Greiðslur sjúkratryggðra einstaklinga fyrir meðferð samkvæmt 1. og 3. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir meðferð sem felst í B-geislum og/eða B- og A-geislum, með eða án smyrsla: 20% af umsömu heildarverði.
2. Fyrir meðferð sem felst í PUVA-meðferð: 10% af umsömu heildarverði.
3. Fyrir húðmeðferð í Bláa lóninu: sama gjald og tilgreint er í 1. tölul.

Greiðslur aldraðra, þ.e. 67 ára og eldri, öryrkja og barna undir 18 ára aldri skulu vera 90% af almennri greiðsluþáttöku.

Nr. 208

20. febrúar 2014

5. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. tölul. 1. mgr. 29. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, gildir frá 1. mars 2014. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1260/2007 um styrki vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma veitta af öðrum en læknum.

*Velferðarráðuneytinu, 20. febrúar 2014.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

*Sveinn Magnússon.*

---

B-deild – Útgáfud.: 26. febrúar 2014